

**5. september 2018**

**Frásögn af öðrum fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf**

**Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Helgi Arnarsson, Hjörðís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson og Þórður Kristjánsson.**

Á fundinum var kynnt samantekt um fyrirkomulag samræmdra prófa í nokkrum nágrannalöndum okkar. Fram kom að erfitt væri að bera saman gögn frá löndunum þar sem kerfin væru ólík hvert öðru. Prófatíminn væri mjög mismunandi, innihald prófanna, hugmyndir, skilgreiningar á námsgreinum og fleira. Unnið verður nánar með þessar upplýsingar, þær settar fram á aðgengilegan hátt og birtar sem fylgigögn í lokaskýrslu. Bent var á að hægt væri að nálgast aðgengileg gögn á vef Eurydice í kafla 5.3. Slóðin er: <https://eacea.ec.europa.eu/national-policies/eurydice/>

Fram kom tillaga um að óskað yrði eftir sýnishorni af prófum frá þeim löndum hafa verið til skoðunar.

Ákveðið var að á næstu vikum yrði leitað út fyrir hópinn og a.m.k. þrír einstaklingar yrðu boðaðir á fundi með starfshópnum til skrafs og ráðagerðar. Einnig var rætt um að skipuleggja t.d. two lengri fundi og bjóða bæði varamönum og öðrum hagsmunaaðilum að taka þátt. Þá var rætt um að opna síðu á vinnusvæði þar sem hægt væri að nálgast fundargerðir og önnur gögn sem snerta vinnu þessa hóps.

Næsti fundur fer fram 12. september 2018 í fundarsal á 4. hæð í mennta- og menningarmálaráðuneyti og verður m.a. farið yfir lagaumhverfi samræmdra könnunarprófa á Íslandi.

SKS/2018